

LÖG

um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra sem starfa að búrekstri. Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á ekki sjálf-sagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði skal sjóðstjórn veita honum aðild að Lífeyrissjóði bænda óski viðkomandi þess skriflega.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld bónda, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 2. gr., vegna búrekstrar, sbr. 3. gr., skulu skiptast milli hans og maka hans eða sambúðaraðila í þeim hlutföllum sem hann hefur óskað eftir skriflega og skal hlutur makans ganga til myndunar sjálfstæðra lífeyrisréttinda hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna orðast svo: Lífeyrissjóðum með bakábyrgð ríkis eða sveitarfélaga sem kjósa að starfa áfram á óbreyttum réttindagrundvelli er þó heimilt að breyta viðmiðum sínum vegna töku lífeyris á grundvelli eftirmannsreglu, sbr. reglugerðir sjóðanna, þannig að lífeyrir breytist í samræmi við meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands, en lífeyrissjóðum með bakábyrgð banka er heimilt að styðjast við aðrar launavísitölur sem Hagstofa Íslands birtir, enda liggi fyrir samkomulag aðila kjarasamninga viðkomandi sjóðfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur tallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Vitagjald, 78,20 kr. af hverju brúttótonni skips, skal greiða af skipum sem taka höfn hér á landi og skal hálft tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Þó skal þetta gjald aldrei vera lægra en 3.500 kr.

2. gr.

Við 10. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar afla samþykkis Siglingastofnunar Íslands fyrir legu þeirra. Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Jafnframt skal leita umsagnar Siglingastofnunar um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, svo sem fiskeldiskvíá, mælitækja í sjó og veðurdufla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.